



世语·分博阿多蒂尔外国语言研究所 · Et center for verdens sprog ·  
Centro Linguistico Internazionale per la lingua språk · ワールド・ランゲ  
Centre mondial pour les langues · Мировой центр языков · World Language

# Ársskýrsla 2011



Stofnun  
VIGDÍ SAR FINNBOGADÓTTUR  
í erlendum tungumálum

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stjórn og starfsmenn.....	3
Starfssvið og hlutverk.....	5
Starfsemi stofnunarinnar.....	6
Ráðstefnur.....	7
Málþing.....	8
Fyrirlestrar.....	11
Alþjóðleg samstarfsnet um rannsóknir.....	12
Útgáfa fræðirita.....	13
Alþjóðleg tungumálamiðstöð.....	14
Aðrir viðburðir.....	16
Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	18
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	20
Starfsfólk.....	21
Miðlun rannsókna á árinu 2011.....	30

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur færir eftirtöldum aðilum þakkir fyrir stuðning við gerð þessarar skýrslu:

Mynd á forsíðu: Guðrún Einarsdóttir

Hönnun og uppsetning: H2 hönnun ehf.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

## Inngangur

Í október 2011 voru tíu ár liðin frá því að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur var sett á laggirnar. Á þeim áratug, sem liðinn er, hefur allt kapp verið lagt á að efla hana sem þróttmikla rannsóknarstofnun, en fræðasvið hennar eru erlend tungumál og menning, þýðingar, samskipti á erlendum tungum og tungumálakennsla. Mikið hefur áunnist og starfsemin eflst ár frá ári, sem m.a. má sjá stað í þessari ársskýrslu. Fjölmargir hafa lagt stofnuninni lið, auk þess sem starfsmenn hennar hafa fengið umtalsverða styrki til rannsókna frá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Þá hefur Vigdís Finnbogadóttir lagt stofnuninni ómetanlegt lið með störfum sínum.

## Stjórn og starfsmenn



Hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum starfa að jafnaði á fjórða tug fræðimanna. Á árinu gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns stofnunarinnar og varaforstöðumaður var Oddný G. Sverrisdóttir. Fagráð stofnunarinnar var kosið vorið 2010 til tveggja ára, en í því eiga sæti, auk forstöðumanns og varaforstöðumanns, þau Birna Arnbjörnsdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir. Verkefnastjóri var Hrefna Ingólfssdóttir.

Fagráðið kom saman sjö sinnum á árinu, en auk þess voru haldnir nokkrir fundir með starfsmönnum stofnunarinnar. Dagana 14.-15. apríl átti fagráðið fund með prófessorunum Jens Allwood við Gautaborgarháskóla og Peter Austin við SOAS í Lundúnum, en þeir eiga báðir, ásamt Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, og Bernard Comrie, prófessor og forstöðumanns hjá Max Planck stofnuninni í Leipzig, sæti í alþjóðlegri nefnd sem hefur verið SVF til ráðgjafar um alþjóðlegu tungumálamiðstöðina.

Í ritstjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sátu Ásdís R. Magnúsdóttir, Erla Erlendsdóttir og Gauti Kristmannsson.

Á árinu hlaut Gauti Kristmannsson framgang í starf prófessors.

Japanska  Akemi Tanii aðjunkt	Enska  Anna Jeeves aðjunkt	Danska  Auður Hauksdóttir dósent	Franska  Ásdís R. Magnúsdóttir dósent	Franska  Ásta Ingibjartsdóttir aðjunkt	Enska  Birna Arnbjörnsdóttir prófessor
Spænska  Erla Erlendsdóttir dósent	Tungumálamiðstöð  Eyjólfur Már Sigurðsson	Franska  François Heenen aðjunkt	Þýðingafraeði  Gauti Kristmannsson prófessor	Kínverska  Geir Sigurðsson dósent	Norska  Gro Tove Sandsmark sendikennari
Enska  Guðrún Björk Guðsteinsdóttir prófessor	Menntunarfræði  Hafdis Ingvarsdóttir prófessor	Spænska  Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor	Verkefnastjóri  Hrefna Ingólfsdóttir Verkefnastjóri	Enska  Ingibjörg Ágústsdóttir lektor	Franska  Irma Erlingsdóttir lektor
Þýska  Jessica Guse sendikennari	Kínverska  Jia Yucheng sendikennari	Kínverska  Jón Egill Eypörsson aðjunkt	Enska  Júlian Meldon D'Arcy prófessor	Japanska  Kaoru Umezawa lektor	Japanska  Kristín Ísleifsdóttir aðjunkt
Spænska  Kristín Guðrún Jónsdóttir aðjunkt	Sænska  Lars-Göran Johansson sendikennari	Enska  Magnús Fjalldal prófessor	Þýska  Magnús Sigurðsson aðjunkt	Danska  Marlene Ørnstrup Petersen aðjunkt	Enska  Martin Regal dósent
Ítalska  Michele Brocchia sendikennari	Þýska  Oddný G. Sverrisdóttir prófessor	Enska  Pétur Knúttsson dósent	Danska  Randi Benedikte Brodersen lektor	Rússneska  Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt	Gríska / Latína  Sigurður Pétursson lektor
Ítalska  Stefano Rosatti aðjunkt	Danska  Susanne Antoinette Elgum aðjunkt	Danska  Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt			

# Starfssvið og hlutverk

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknastofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál frá ýmsum sjónarhornum, en helstu rannsóknarsviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltaka, orðaforði, hljóðfræði, annarsmálsfræði
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða t.d. enskar og þýskar bókmenntir, asískar og rómanskar bókmenntir og Norðurlandabókmenntir
- Menningarfræði í tengslum við ákveðin málsvæði og í samanburði milli málsvæða í sögu og samtíð
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra í atvinnulífi
- Kennsla erlendra tungumála, m.a. þróun kennslugagna
- Þýðingar m.a. bókmennta- og nytjapýðingar

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að auka skilning á því að fjölmenningarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum fela í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum. Einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki sem nýta sér tungumálakunnáttu og menningarinnisæi standa betur að vígi á alþjóðavettvangi en ella. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á máltileikun og tungumálakunnáttu á öllum sviðum þjóðlífsins og efla menningarmiðlun. Þannig stuðlar stofnunin að auknum og jákvæðum samskiptum við fólk af erlendu þjóðerni og aukinni menningarfærni einstaklinga og þjóðfélagsins í heild. Lögð er sérstök áhersla á miðlun upplýsinga um nýjungar í kennslu tungumála á öllum menntastigum, enda er það markmið stofnunarinnar að styðja kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um tungumál, tungumálanám, samskipti á erlendum tungum og menningarfræði. Þetta hlutverk sitt rækir hún með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu fræðiritra og kennsluefnis. Stofnunin tekur þátt í krefjandi verkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki og stofnanir, ásamt menningar- og rannsóknarsjóðum veitt styrki til að hrinda sérstökum verkefnum í framkvæmd. Starfsmenn hafa einnig hlotið fjölda styrkja úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til rannsókna sinna.

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar og á árinu 2011 fór fyrsta styrkveiting fram hjá sjóðnum þegar úthlutað var tveimur milljónum króna til fimm verkefna á fagsviðum stofnunarinnar. Styrkirir voru afhentir við hátíðlega athöfn í Hátíðarsal Háskólans föstudaginn 15. apríl. Nánari upplýsingar um Styrktarsjóðinn má finna síðar í skýrslunni og á vefsíðu stofnunarinnar <http://www.vigdis.hi.is/styrktarsjodur>

## Starfsemi stofnunarinnar

Árið 2011 var tíunda starfsár Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Á þessum tímamótum var lögð áhersla á að efla innra starf stofnunarinnar og móta framtíðarstefnu um rannsóknir og alþjóðlegt samstarf. Að venju var lögð áhersla á að miðla rannsóknum fræðimanna stofnunarinnar með því að standa fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum og með útgáfu fræðiritra.

Auk málþinga og fyrirlestra stóð stofnunin fyrir tveimur viðamiklum alþjóðlegum ráðstefnum á árinu 2011. Annars vegar var um að ræða ráðstefnuna NORDAND 10, þar sem fjallað var um rannsóknir á norrænum málum, sem öðru og erlendu máli, og hins vegar ráðstefnuna Milepæl i nordisk fremtidsforskning på sprog- og kulturområdet, sem haldin var í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands. Báðar ráðstefnurnar voru fjölsóttar og þóttu takast með eindæmum vel.

Í tilefni af afmæli Vigdísar Finnbogadóttur 15. apríl hélt hinn þekkti málvísindamaður Peter Austin, prófessor við University of London, opinn fyrirlestur í Hátíðarsal Háskólans, sem bar heitið: 7000 tungumál veraldar - Fjölbreytni tungumála og menningar - staðbundið og á heimsvísu. Við þetta tækifæri var úthlutað í fyrsta sinn úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Að venju var Evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni var efnt til fjölbreyttrar dagskrár í Hátíðarsal Háskólans í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, STÍL – samtök tungumálakennara og samtökin AUS, AFS og Móðurmál.

Áfram var unnið að undirbúningi fyrir byggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu. Efnt var til hönnunarsamkeppni um bygginguna sem verður um fjögur þúsund fermetrar að stærð þegar bílakjallari er talinn með. Niðurstöður í hönnunarsamkeppni verða kynntar um miðjan maí 2012 og er áætlað að verklegar framkvæmdir geti hafist á fyrri hluta árs 2013 og að byggingin verði tekin í notkun haustið 2014. Íslensk stjórnvöld leituðu eftir samþykki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, um að alþjóðlega tungumálamiðstöðin fengi að starfa undir formerkjum hennar og var það samþykkt á ársfundi UNESCO í nóvember. Í þessu felst mikil viðurkenning á störfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og mikilvægur stuðningur við framtíðaráform hennar.

Nánar er greint frá helstu viðburðum í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2011 hér fyrir aftan.



# Ráðstefnur

## **NORDAND 10, ráðstefna um norræn mál sem annað mál og erlent mál**

Alþjóðleg ráðstefna um rannsóknir á norrænum málum sem öðru og erlendu máli, NORDAND 10 (Nordens Sprog som andet- og fremmedsprog), var haldin dagana 25.–28. maí í Háskóla Íslands í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Málvísindastofnunar. Ráðstefnan NORDAND er haldin annað hvert ár til skiptis á Norðurlöndunum og var þetta í tíunda sinn sem efnt er til hennar en hún hefur einu sinni áður verið haldin við Háskóla Íslands. Meginþema ráðstefnunnar að þessu sinni var: *Kompleksitet – Motivation – Output i Sprogindlæringen*.

*Lykilfyrirlesarar eru allir viðurkenndir fræðimenn á sínu sviði, en þeir voru:*

- Alan Firth, dósent, Newcastle University
- Anne Holmen, prófessor, Kaupmannahafnarháskóla
- Diane Larsen-Freeman, prófessor, University of Michigan
- Ema Ushioda, dósent, University of Warwick

Auk þeirra voru flutt nokkur sjálfstæð erindi og um sjöttíu fræðimenn fjölluðu um rannsóknir sínar í 20 málstofum.

Rúmlega hundrað erlendir fræðimenn sóttu ráðstefnuna og hátt á þriðja tug Íslendinga.

Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar höfðu þær Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir frá SVF og þær María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir frá Málvísindastofnun, ásamt Hrefnu Ingólfsdóttur verkefnastjóra Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Ráðstefnan var styrkt af Nordplus Sprog og Kultur og Stiftelsen Clara Lachmanns fond.

Nánar má lesa um ráðstefnuna NORDAND á heimasíðu SVF.



## **Ráðstefna um norrænar tungumála- og menningarrannsóknir**

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir ráðstefnunni Milepæl i nordisk fremtidsforskning på sprog- og kulturområdet og fór hún fram í Þjóðminjasafninu dagana 27.–28. október. Fjöldmargir fræðimenn komu víða að til að halda erindi á ráðstefnunni þar sem leitast var við að varða leiðina fyrir rannsóknir á norrænum tungumálum og menningu.

Ráðstefnan hófst með lykilfyrirlestri prófessors Jørn Lund frá Danmörku, en meðal annarra erlendra fyrirlesara má nefna Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, Anne Holmen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, Brit Mæhlum, prófessor við NTNU, Giselu Håkanson, prófessor við Háskólann í Lundi, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Jens Allwood og Lars Borin, báðir prófessorar við Gautaborgarháskóla, Marjut Vehkanen, CIMO í Finnlandi, og Ullu Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla.

Skipulagning og framkvæmd ráðstefnunnar var í höndum Auður Hauksdóttur. Styrktaraðilar ráðstefnunnar voru Stiftelsen Clara Lachmanns fond, Nordisk Kulturfond og Nordplus Sprog og Kultur. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á heimasíðu SVF.



# Málþing

Að venju stóð stofnunin fyrir nokkrum málþingum á vor- og haustmisseri. Nokkur þeirra voru haldin í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands sem var fagnað á árinu.

## Vormisseri:

### **Málþing um norrænan mótmodernisma**

Málþing um norrænan mótmodernisma var haldið í Norræna húsinu 18. mars, en að því stóðu kennarar í norrænum málum sem starfa hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur svo og Stofnun Árna Magnússonar. Lögð var áhersla á meginlínur norræns mótmodernisma í bókmenntum, myndlist og arkitektúr. Fyrirlesarar voru: Benedikt Hjartarson, aðjunkt við Háskóla Íslands, Claus Ankersen rithöfundur, Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt, Hadle Oftedal Andersen, lektor við Helsingiháskóla, Ingmar Lemhagen gagnrýnandi og Tania Ørum, lektor við Kaupmannahafnarháskóla. Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur stjórnaði umræðum að erindum loknum. Þessi viðburður var haldinn í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands.



### **Er franska málið? – Hátíð franskrar tungu**

Í tilefni af Hátíð franskrar tungu – Semaine de la francophonie – 19.-27. mars, efndu Alliance Française og námsleið í frönskum fræðum við Hugvísindasvið Háskóla Íslands ásamt Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til málþings og umræðna miðvikudaginn 23. mars í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. „Er franska málið?“ var yfirskrift málþingsins sem var mjög vel sótt. Rætt var um gildi þess að kunna frönsku og fólk úr ólíkum starfsgreinum sagði frá því hvernig franskan nýtist þeim í starfi. Vigdís Finnbogadóttir opnaði málþingið en aðrir þátttakendur voru: Edda Bergsveinsdóttir, nemi í frönskum fræðum við Háskóla Íslands, Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, Nína Björk Jónsdóttir, sendiráðsritari í Utanríkisráðuneytinu, Eiríkur Ingvar Ingvarsson, forstjóri Eden Mining ehf., Katrín Ólína, hönnuður, Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri hjá Bjarti og Ásdís R. Magnúsdóttir sem stýrði umræðum.

### **Hugvísindaping**

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskólans var marsmánuður helgaður hugvísindum og var boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem starfsmenn SVF lögðu sitt af mörkum. Á fyrri hluta Hugvísindapings var boðið upp á hlaðborð fyrirlestra dagana 11. og 12. mars í Aðalbyggingu Háskólans. Tólf starfsmenn SVF fluttu þar erindi auk Eriks Skyum-Nielsen, lektors við Kaupmannahafnarháskóla, sem var sérstakur gestafyrirlesari SVF á Hugvísindapingi.





Seinni hluti Hugvísindabings var haldinn 25.–26. mars, í formi þemaþings með málstofum. Málstofurnar mynduðu heild og þátttakendur voru fastir starfsmenn, doktorsnemar, nýdóttor og gestafræðimenn á vegum stofnana á sviðinu. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Konfúsíusarstofnunin Norðurljós tóku fullan þátt í Hugvísindabingi.

### **Málþing um norræn tjáskipti í Norræna húsinu**

Málþing um norræn tjáskipti var haldið í Norræna húsinu fimmtudaginn 7. apríl, á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og sendiráða Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands ásamt Svensk-Ísländska Samarbetsfonden og Dansk-Ísländsk Samarbejdsudvalg.



Vigdís Finnbogadóttir opnaði málþingið og því næst tók menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, til máls. Meðal fyrirlesara voru prófessor Lars Erik Edlund frá Háskólanum í Umeå, Bodil Aurstad, Nordisk sprogkoordination, Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, og Michael Dal, lektor í dönsku við Menntavísindasvið.

### **Málstofa um norræn tungumál**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur efndi til málstofu um rannsóknir á norrænum tungumálum mánudaginn 2. maí í Nýja Garði. Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku, hafði umsjón með málstofunni þar sem nýjar rannsóknir fræðimanna voru kynntar. Þau sem fluttu erindi voru: Auður Hauksdóttir dósent, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Marc D.S. Volhardt, stundakennari við Háskóla Íslands, Peter Raagaard, lektor á Menntavísindasviði, Randi Benedikte Brodersen og Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt.

### **Hautmisseri:**

#### **Málþing um frönskukennslu á Íslandi**

Háskóli Íslands og Alliance Française á Íslandi fögnuðu sameiginlegu 100 ára afmæli á árinu 2011. Með stofnun Háskóla Íslands og Alliance Française árið 1911 hófst formleg frönskukennsla hér á landi og franska var fyrsta erlenda málið sem kennt var við Háskólann, ef latína og gríska eru undanskilin. Af þessu tilefni efndu Háskóli Íslands, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Alliance Française til málþings um frönskukennslu þar sem litið var yfir farinn veg, horft til framtíðar og leitast við að meta stöðu frönskunnar í íslensku menntakerfi í dag. Málþingið var haldið miðvikudaginn 9. nóvember í sal Þjóðminjasafns Íslands.



Framsögumenn voru:

- Friðrik Rafnsson, forseti Alliance Française.
- Sigríður Anna Guðbrandsdóttir, formaður Félags frönskukennara á Íslandi og framhaldskólakennari.
- Ásdís Rósa Magnúsdóttir, deildarforseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og prófessor í frönsku máli og bókmenntum við HÍ.
- María S. Gunnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur og frönskukennari við Valhúsaskóla.
- Sigurborg Jónsdóttir, framhaldskólakennari, fulltrúi STÍL og formaður NBR (Nordic-Baltic Region hjá FIPLV).
- Edda Bergsveinsdóttir og Dóra Haraldsdóttir, nemendur í frönskum fræðum við HÍ.
- Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri menntamála, mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í kjölfarið voru opnar umræður. Fundarstjórar voru Ásta Ingibjartsdóttir, Eyjólfur Már Sigurðsson og François Heenen.

### **Kynning á [www.frasar.net](http://www.frasar.net) og styrkmöguleikum hjá Nordplus Sprog og Kultur**

Máltækið [www.frasar.net](http://www.frasar.net) var opnað árið 2010 en síðan hefur verið bætt við fjölda nýrra frasa og nýir leitarmöguleikar þróaðir, auk þess sem útbúnir hafa verið leikir og verkefni í tengslum við frasana. Hinn 17. nóvember stóðu Félag dönskukennara og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir kynningu á máltækinu í Lögbergi. Þar gerðu Auður Hauksdóttir og Guðrún Haraldsdóttir grein fyrir viðbótum og nýjum leitarmöguleikum og Erna Jessen og Elísabet Valtýsdóttir kynntu verkefni og leiki sem þær hafa samið.



Einnig var Sigrún Ólafsdóttir, verkefnisstjóri á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins með kynningu á norrænum styrkjum sem kennarar geta sótt um hjá Nordplus Sprog og Kultur.

### **Ítölsk mosaik**

Þess var víða minnst þegar 150 ár voru liðin frá sameiningu Ítalíu, með viku ítalskrar tungu og menningar í heiminum. Ítölskukennarar við Háskóla Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, í samvinnu við Ítalska félagið á Íslandi og ítalska sendiráðið í Ósló, stóðu af þessu tilefni fyrir dagskrá í Lögbergi, föstudaginn 18. nóvember, undir yfirskriftinni „Ítölsk mosaik“. Michele Broccia, sendikennari í ítölsku við Háskóla Íslands, kynnti dagskrána en erindi fluttu Marco Bertollo, varaformaður Ítalska félagsins á Íslandi, Maurizio Tani, stundakennari í ítölsku, og Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku við Háskóla Íslands. Pamela De Sensi lék á flautu á milli atriða. Að loknum framsöguerindum fóru fram umræður.

### **Vinnustofa fyrir tungumálakennara í Tungumálamiðstöðinni**

Í byrjun apríl buðu tveir erlendir fræðimenn upp á vinnustofu sem var opin öllum tungumálakennurum, í Tungumálamiðstöðinni í Nýja Garði. Þar var fjallað um hvernig hægt er að útbúa kennslugögn á rafrænu formi í þeim tilgangi að þau nýtist öðrum sem kenna sama efni annars staðar. Þetta getur komið sér vel t.d. þegar verið er að kenna sérhæft málfrátt, sem er t.d. notað af tilteknum starfsstéttum. Kennarar voru Dr. Annegret Middeke og Dr. Matthias Jung. Heiti málstofunnar, sem var haldin á ensku, var: „Language for Special Purposes – the European Project IDIAL4p: How to create specific materials and share them online.“

# Fyrirlestrar

## **Fyrirlestraröð um spænska tungu**

Í janúar var haldin fyrirlestraröð um spænska tungu á vegum spænskunnar við deild erlendra tungumála og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Fyrirlestrarir fóru fram á spænsku og voru öllum opnir.

Dr. Mar Cruz Piñol, dósent við Háskólann í Barcelona, hélt fyrsta fyrirlesturinn mánudaginn 17. janúar í Lögbergi.

Dr. Juan Pablo Mora var með vinnustofu í Öskju fyrir nemendur og kennara í spænsku 24. janúar.

Dr. Estrella Montolio Durán, prófessor við Háskólann í Barcelona, hélt þriðja fyrirlesturinn í þessari röð, 31. janúar í Gimli. Þar fjallaði hún um notkun ákveðinna orðasambanda í spænsku talmáli.



## **Fyrirlestraröð um rússneska menningu**

Á vormisseri stóðu rússneskan við Háskóla Íslands, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og sendiráð Rússneska sambandsríkisins fyrir röð erinda þar sem fjallað var um ýmsa þætti rússneskrar menningar, s.s. myndlist, bókmenntir og alþýðumenningu. Áhersla var lögð á myndræna framsetningu. Erindi voru flutt einu sinni í mánuði, á fimmtudögum í móttökusal rússneska sendiráðsins að Garðastræti 33. Öll erindin voru flutt á íslensku.

Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku, hélt í apríl erindi um orsakir þess að hópur nemenda sagði sig frá Listaakademíu Pétursborgar á seinni hluta 19. aldar og til varð Félag farandlistamanna. Rætt var um hvernig þessi hópur lagði sitt af mörkum til samfélagsumræðu þessa tíma með list sinni.

Aðrir sem fluttu erindi voru: Anna Guðlaugsdóttir rússneskufræðingur, Árni Bergmann, rithöfundur og þýðandi, Áslaug Thorlacius myndlistarmaður, Elísa Björg Þorsteinsdóttir, listfræðingur og þýðandi, og Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði.

## **Málfar danskra ungmenna**

Í tengslum við heimsókn danskra menntaskólanemenda og rannsókn á málfari ungs fólks í Danmörku voru haldnir tveir opnir fyrirlestrar í Norræna húsinu föstudaginn 8. apríl. Fyrirlestrarir voru í umsjón Randi Benedikte Brodersen hjá SVF, Laufeyjar Jóhannsdóttur og Más Viðarssonar. Umfjöllunarefnið var málfar ungra Dana og svokölluð gíraffatjáskipti eða tjáskipti án ofbeldis. Fyrirlestrarir voru hluti af málstofu við Háskóla Íslands um málfar ungmenna.

## **Fyrirlestur um spænskar orðabækur**

Dr. Azucena Penas, dósent við Universidad Autónoma de Madrid (UAM) í Madríd, hélt fyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 7. september og fór hann fram í Árnagarði. Fyrirlesturinn var haldinn á spænsku og nefndist “Estructuras lexemáticas sintagmáticas en el Diccionario Coruña de la lengua española”.



## **Fyrirlestur Alberto Blanco um listasögu Mexíkó**

Alberto Blanco fjallaði um hina viðburðaríku listasögu Mexíkó á tuttugustu öld í fyrirlestri á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Bókmenntahátíðar í Reykjavík, sem haldinn var 8. september í Lögbergi. Fyrirlesturinn nefndist „Twenty Chapters of Mexican Art in the 20th Century“ eða „Listasaga Mexíkó á tuttugustu öld í tuttugu köflum“.



Alberto Blanco er eitt þekktasta núlifandi ljóðskáld Mexíkó. Á yfir fjörutíu ára útgáfuferli hefur hann sent frá sér á fjórða tug ljóðabóka, í heimalandi sínu og utan þess, og hafa bækur hans unnið til verðlauna og verið þýddar á fjölda tungumála. Auk ljóðlistar hefur Blanco lagt stund á greinaskrif og þýðingar.

### **Margtyngi Evrópusambandsins – prófraun í samskiptum**

Neil Munro hélt fyrirlestur sem nefndist „Margtyngi Evrópusambandsins – prófraun í samskiptum“ í Lögbergi 4. október. Munro er þrautreyndur ráðstefnutúlkur sem starfar hjá Evrópusambandinu og túlkar þar af fjölda tungumála á ensku. Í erindi sínu ræddi Munro þá stefnu um margtyngi sem við lýði er hjá Evrópusambandinu og hvaða prófraunir hún felur í sér fyrir túlkun og starfsemina almennt.



### **Norrænn málskilningur og norræn tjáskipti**

Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla, hélt opinn fyrirlestur 25. október í Lögbergi. Fyrirlesturinn nefndist „Nordisk språkförståelse och internordisk kommunikation“ eða „Norrænn málskilningur og norræn tjáskipti“.

## Alþjóðleg samstarfsnet um rannsóknir

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og allmargir starfsmenn hennar taka þátt í nokkrum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og samstarfsnetum. Slík verkefni njóta oft styrkja úr erlendum rannsóknasjóðum og gegna mikilvægu hlutverki í að efla alþjóðlegt samstarf og miðla þekkingu milli landa.

### **CampUSCulturae**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur tekur þátt í samstarfsnetinu CampUSCulturae ásamt rannsóknastofnunum í fimm öðrum háskólum í jafnmörgum löndum Evrópu. Á árinu fékk verkefnið myndarlegan styrk frá Menningaráætlun Evrópusambandsins. Þar verður sérstaklega fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa, sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast.

### **Lingua Nordica – Lingua Franca**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hlaut á árinu styrk frá NOS-HS (Nordisk samarbeidsnemnd for humanistisk og samfunnsvitenskapelig forskning) til að standa fyrir samstarfsnetinu Lingua Nordica-Lingua Franca, en starfsemi þess snýst um rannsóknir á norrænum tjáskiptum, einkum hvað auðveldar og torveldar tjáskipti á milli Norðurlandabúa. Í forsvari fyrir samstarfsnetinu er Auður Hauksdóttir dósent, en aðrir í stjórn þess eru: Anna Mauranen, prófessor við Helsinkiháskóla, Birna Arnbjörnsdóttir prófessor, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, Karen Lund, prófessor við Árósháskóla, Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, og Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla.

# Útgáfa fræðiritita

## **Þriðja hefti ársritsins *Milli mála***

Þriðja hefti ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*, árgangur 2011, er þemahefti þar sem fjallað er um erlendar bókmenntir frá ýmsum sjónarhornum. Í ársritinu birta sjö fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur greinar um rannsóknir sínar. Sex greinanna fjalla um þemað en í þeirri sjöundu segir frá rannsókn á tungumálakennslu og aðlögun innflytjenda á Norðurlöndum. Greinarnar eru skrifaðar á íslensku, ensku og ítölsku, enda hefur það verið stefna ritstjórnar frá upphafi að gefa höfundum kost á að skrifa á móður- eða kennslumáli sínu. Auk fræðigreina er einnig að finna nokkrar þýðingar í ársritinu. Þeir fræðimenn SVF sem eiga greinar í þriðja hefti *Milli mála* eru: Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir, Magnús Fjalldal, Martin S. Regal, Oddný G. Sverrisdóttir og Stefano Rosatti.

Ritstjórar bókarinnar voru Sigrún Ástríður Eiríksdóttir og Erla Erlendsdóttir.

## **Tvímála útgáfa: *Hliðargötur / Sideroads - Ljóð Jónasar Þorbjarnarsonar***

Tvímála útgáfa ljóðabókar Jónasar Þorbjarnarsonar, *Hliðargötur / Sideroads*, kom út á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunnar.

Í þessari ljóðabók yrkir skáldið Jónas Þorbjarnarson sig frá einum stað til annars. Hann fer í bakari í Brussel, röltir um Reykjavík og tjalda á Langanesi. Smám saman birtist ljóðalandakort sem vekur spurningar með lesandanum um staðina í lífinu. Hvar endum við og hvar byrja þeir staðir sem skipta okkur máli?

Útgáfa bókarinnar hlaut styrk frá Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og forlagi skáldsins, JPV útgáfu, sem gaf leyfi til þess að birta þessa ljóðabók hans í tvímála útgáfu á ensku og íslensku.

Þýðendur: Ástráður Eysteinnsson og Júlían Meldon D'Arcy.

## **Vörður í menningarfræði samtímans – ný ritröð á vegum SVF**

Ný ritröð á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem nefnist „Vörður í menningarfræði samtímans“ hóf göngu sína á árinu. Fyrstu bækurnar í ritröðinni eru annars vegar *Rekferðir*, greinasafn eftir Guðna Elísson, prófessor í bókmenntafræðum, og hins vegar *Viðbrögð úr Viðsjá*, safn ritdóma eftir Gauta Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði.

Markmið ritraðarinnar er að birta greinasöfn sem fjalla um menningar- og fræðileg málefni samtímans. Í formála að ritröðinni ritar Gauti Kristmannsson: „Menningarhugtakið er skilgreint vítt og verður hér hægt að birta verk sem snúast um afar ólík málefni, en eiga það sameiginlegt að eiga erindi við okkur í samtímanum. Fræðimenn geta hér látið gamminn geisa með dálítið öðrum hætti en í hefðbundnum fræðiritum, án þess að stökkva nokkuð frá hinni fræðilegu ábyrgð. Hér geta þeir hins vegar verið frjálsari í forminu og vafalaust verða sumar vörður veglegri en aðrar, en allar þurfa þær að eiga það sameiginlegt að vísa okkur veginn með einhverjum hætti án þess að benda í austur eða vestur, aðeins með því að vera vegvísar þar sem þær eru.“



# Alþjóðleg tungumálamiðstöð

Nokkur undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að undirbúningi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar, sem mun verða til húsa í tungumálabyggingu SVF sem mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu. Tveir mikilvægir áfangar náðust á árinu, þegar Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, samþykkti á ársfundi sínum í nóvember umsókn íslenskra stjórnvalda um að tungumálamiðstöðin fengi að starfa undir formerkjum hennar og þegar hrundið var af stað hönnunarsamkeppni um bygginguna í desember.

## **Viðurkenning frá UNESCO**

Alþjóðleg tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands fékk í nóvember samþykki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, til að starfa undir formerkjum hennar. Í vottun UNESCO felst mikil viðurkenning á störfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og stuðningur við framtíðaráform hennar.

Undanfarin ár hafa Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Vigdís sjálf unnið ötullega að því að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð hér á landi. Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og íslensku UNESCO-nefndina var unnið að því að væntanleg miðstöð hlyti viðurkenningu sem UNESCO-stofnun, skv. flokki II. Erindi mennta- og menningarmálaráðherra þess efnis var sent til UNESCO í byrjun ársins 2011 og hlaut það jákvæða afgreiðslu í stjórn UNESCO um vorið og var samþykkt samhliða á allsherjarráðstefnu Menningarmálastofnunarinnar hinn 4. nóvember 2011.

Alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni er ætlað mikilvægt hlutverk og viðurkenning UNESCO er því kærkomin. Vonir standa til að hún muni auðvelda stofnun Vigdísar að eflast enn frekar og rækja alþjóðlegt hlutverk sitt, en það er öðru fremur að stuðla að fjöltyngi og skilningi á ólíkri menningu þjóða og varðveislu tungumála. Sérstök áhersla verður lögð á þýðingar og hlutverk þeirra fyrir menningu og tungu. Auk aðstöðu til kennslu, rannsókna og fræðastarfs verður komið á fót upplifunarsetri, þar sem leikir og lærðir geta fræðst um ólík tungumál og menningarheima á lifandi hátt. Enskt heiti miðstöðvarinnar verður Vigdís International Centre for Multilingualism and Intercultural Understanding.

Í samningnum við UNESCO eru tiltekin helstu markmið tungumálamiðstöðvarinnar sem eru m.a.: að stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða; stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegri eindrægni; stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu, sem og að sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjöltyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning.

Starfsemin í nýju alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni mun miða að því að ná þessum markmiðum og í samningnum við UNESCO er getið um helstu hlutverk hennar. Stofnunin mun styðja við vöxt og viðgang tungumála og skapa „tungumálasafn“ sem verður sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni, með sýningum sem hægt er að njóta á staðnum og á Netinu. Unnið verður að og hvatt til varðveislu tungumála, með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heimsins. Innan miðstöðvarinnar verður unnið að því að hugsa upp og miðla um allan heim áætlanum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu. Þannig má þróa alþjóðlegan umræðuvettvang og styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpolitíkur.

## **Framkvæmdir við hús Vigdísarstofnunar hefjast árið 2013**

Í tengslum við stórafmæli Vigdísar í apríl 2010 var efnt til fjáröflunarátaks til að hrinda áformum um alþjóðlegu tungumálamiðstöðina í framkvæmd. Fjöldi innlendra og erlenda stofnana, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga lögðu verkefninu lið og er fjármögnunin nú á lokastigi. Tungumálahúsið mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu næst gömlu Loftskæptastöðinni og hefur byggingarnefnd á vegum rektors þegar lokið tilskilinni undirbúningsvinnu. Í byggingarnefndinni eiga sæti: Eiríkur

Hilmarrsson lektor, formaður, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir doktorsnemi, Guðmundur R. Jónsson framkvæmdastjóri, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur, Ingjaldr Hannibalsson prófessor og Pétur Gunnarsson rithöfundur. Starfsmaður og ritari byggingarnefndar er Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri Framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands.

Efnt hefur verið til opinna samkeppni um hönnun hússins og er stefnt að því að úrslit verði gjörð kunn um miðjan maí 2012. Dómnefnd skipa: Inga Jóna Þórðardóttir formaður, Auður Hauksdóttir, Ingjaldr Hannibalsson og arkitektarnir Helgi Mar Hallgrímsson og Halldór Gíslason. Halldóra Vífilisdóttir, verkefnisstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, er ritari dómnefndar en starfsmaður dómnefndar og tengiliður við Háskólann er Sigurlaug I. Lövdahl.

Að lokinni samkeppni er gert ráð fyrir að vinningshafi myndi hönnunarteymi um tillöguna með þeim hönnuðum sem að verkinu koma, t.d. arkitektum, verkfræðingum og innanhússhönnuðum. Verklegar framkvæmdir hefjast á fyrri hluta árs 2013 og er stefnt að því að byggingin verði tekin í notkun haustið 2014. Gert er ráð fyrir að byggingin muni laða að sér marga gesti, innlenda sem erlenda, og á hönnun hússins að taka mið af því og að hluti þess verði opinn almenningi.

Fyrsta áfangi byggingarinnar verður 3.000 fermetrar að stærð auk bílageymslu og tengingar við Háskólatorg en í deiliskipulagi er heimild fyrir allt að 7.200 fermetra byggingu á byggingarreitnum.

Alþjóðlega tungumálamiðstöðin verður opin gestum og gangandi, en áhersla verður lögð á að glæða áhuga barna og unglinga á tungumálum og framandi menningarheimum. Byggingin mun stórbæta aðstöðu til rannsókna og kennslu í erlendum tungumálum auk aðstöðu fyrir alþjóðlegt samstarf. Þá mun viðurkenning UNESCO verða lyftistöng fyrir alla þá starfsemi sem fram fer í hinni nýju byggingu og gera má ráð fyrir að með henni skapist tækifæri til nýsköpunar, ekki síst í tengslum við menningartengda ferðapjónustu.



# Aðrir viðburðir

## **Japanshátíð á Háskólatorgi**

Sjöunda árlega Japanshátíðin var haldin hinn 29. janúar 2011 á Háskólatorgi. Hátíðin var skipulögð í samvinnu sendiráðs Japans á Íslandi, SVF og japönskunnar við Háskóla Íslands.



Japanshátíðin hefur verið haldin í janúar ár hvert síðan árið 2005. Að venju var flest allt það sem gestum og gangandi var boðið upp á að skoða unnið og sýnt af nemendum í japönsku, í samstarfi við félagsskap fólks af japönskum uppruna. Meðal annars var sýnd japönsk teathöfn, japanskar blómaskreytingar og kynning á bardagaíþróttum.

## **Hátíðarfyrirlestur um 7000 tungumál veraldar**

Hinn virti málvísindamaður Peter Austin, prófessor við University of London, hélt opinn fyrirlestur um hin 7000 tungumál jarðar í Hátíðarsal Háskóla Íslands föstudaginn 15. apríl. Fyrirlesturinn var fluttur á ensku og hét „7,000 Languages: Linguistic and cultural diversity from global and local perspectives“ eða „7000 tungumál veraldar - Fjölbreytni tungumála og menningar - staðbundið og á heimsvísu“.

Peter Austin er einn af fremstu málvísindamönnum sinnar tíðar og jafnframt einn af ráðgjöfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um alþjóðlega tungumálamiðstöð. Hann er líka ritstjóri bókarinnar Eitt þúsund tungumál sem kom út í íslenskri þýðingu Baldurs Ragnarssonar á síðasta ári, hjá Bókaútgáfunni Opnu.

## **Heimsókn menningar- og menntamálaráðherra Grænlands**

Mimi Karlsen, ráðherra menningar- og menntamála grænlensku landstjórnarinnar, heimsótti Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur um miðjan maí. Hlýddi hún á kynningu Auðar Hauksdóttur, forstöðumanns SVF, um starfsemi stofnunarinnar og fyrirhugaða nýbyggingu sem hýsa mun alþjóðlega tungumálamiðstöð. Þar verður m.a. gert ráð fyrir sérstökum heimasvæðum fyrir grænlensku, færeysku og samísku auk allra þeirra tungumála sem kennd eru við Háskóla Íslands. Ráðherrann var áhugasöm um starfsemina og lýsti yfir ánægju sinni með fyrirhugaðar framkvæmdir.



## **Sjónvarpsþáttur um starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur**



Þann 31. maí var á dagskrá sjónvarpsins vandaður þáttur um framtíðarverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þar var rætt við Vigdísu Finnbogadóttur og nokkra fræðimenn um starfsemi stofnunarinnar og framtíðarsýn. Einnig fjölluðu þjóðþekktir rithöfundar um erlend tungumál og menningu og gildi tungumálanna fyrir einstaklinga og samfélag. Þátturinn er um hálf tíma langur. Viðar Víkingsson hafði allan veg og vanda af gerð þáttarins, sem var unninn fyrir tilstilli Vina Vigdísarstofnunar.



### **Ársfundur SVF**

Ársfundur Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur var haldinn miðvikudaginn 14. september í Gimli. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar, yfirferð reikninga og önnur mál. Ársskýrslu stofnunarinnar var dreift á fundinum og ársritið *Milli mála* var kynnt.

Halldóru Ingvadóttur var sérstaklega þakkað fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu stofnunarinnar en hún bauð fram aðstoð við uppgjör ársreikninga og bókhald fyrir árin 2010 og 2011 og munaði mikið um framlag hennar.



### **Evrópski tungumáladagurinn**

Evrópski tungumáladagurinn var haldinn hátíðlegur 26. september með fjölbreyttri dagskrá í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Efnt var til hátíðardagskrárinnar í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, STÍL – samtaka tungumálakennara og samtakanna AUS, AFS og Móðurmál.

Við þetta tækifæri var Evrópumerkið afhent, en það er viðurkenning fyrir nýbreytni og árangur í tungumálakennslu. Að lokinni verðlaunaafhendingu voru flutt fjölmörg stutt erindi um mismunandi leiðir til máltöku og gildi tungumálakunnáttu. Cinzia Fjola Fiorini, formaður samtakanna Móðurmáls, lýsti fjölbreyttum aðferðum við að kenna börnum móðurmál sitt utan heimalandsins. Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, formaður STÍL, fjallaði um ungmennaskipti og tungumálanám. Fulltrúar frá AUS, Alþjóðlegum ungmennaskiptum og skiptinemasamtökunum AFS sögðu frá reynslu sinni af því að læra tungumál með því að dvelja erlendis. Kristín M. Jóhannsdóttir málfræðingur sagði frá META-NET, verkefni um margmála máltækni, og þýðingu þess fyrir íslensku. Á milli erinda söng Kór Kársnesskóla lög á íslensku og erlendum tungumálum undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur kórstjóra og í lokin lásu erlendir stúdentar við Háskóla Íslands upp ljóð á móðurmáli sínu. Dagskráin þótti takast mjög vel og þegar henni lauk var boðið upp á kaffiveitingar.



### **Rannsóknarverkefni um ensku styrkt úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins**

Anna Jeeves, doktorsnemi og aðjunkt í ensku við Háskóla Íslands, hlaut vísindastyrk úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands fyrir verkefni sem hún er að vinna um enskunám og enskunotkun ungra Íslendinga. Heiti verkefnisins er: „Gildi enskunáms í breyttu málumhverfi á Íslandi: færni, notkun og viðhorf ungra Íslendinga“.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf ungra Íslendinga til gildis enskunáms og til eigin enskuþarfa í háskólanámi og í daglegu lífi. Umsjón með verkefni Önnu hefur Birna Arnbjörnsdóttir prófessor.

Rannsókn þessi mun varpa ljósi á hugsanlega gjá á milli ímyndaðra enskuþarfa í skóla og raunverulegra enskuþarfa eftir að námi lýkur. Lítið hefur verið fjallað um gildi tungumálanáms og verður rannsókn þessi mikilvægt innlegg í alþjóðlega umræðu um hugmyndir málhafa um sjálfa sig.

### ***Japanskeisari heiðrar Kristínu Ísleifsdóttur***

Kristín Ísleifsdóttir, aðjunkt og greinarformaður í japönsku var sæmd Orðu hinnar rísandi sólar með gylltum geislum og hálsborða við hátíðlega athöfn í sendiráði Japans á Íslandi, 10. nóvember. Þessi orða er ein æðsta viðurkenning sem Japanskeisari veitir útlendingum en Kristín hlaut hana fyrir að hafa stuðlað að betri skilningi á japanskri menningu hér á landi með ýmsum viðburðum og verkefnum sl. 30 ár. Árið 2010 var Kristín sæmd orðu japanska utanríkisráðuneytisins fyrir framlag sitt til þess að efla samskipti landanna.



Kristín hefur unnið mikið í þágu japönskukennslunnar og er auk þess í hlutastarfi við kennslu á myndlistarnámskeiðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kristín var hvatamaður að stofnun Íslensk-japanska félagsins og ein af stofnendum þess árið 1981 og formaður þess í 13 ár.

### ***Kvikmyndasýningar***

Erlendar kvikmyndir eru gjarnan sýndar á vegum hinna ýmsu tungumálagreina og eru þær sýningar opnar almenningi. Þannig er Konfúsíusarstofnunin Norðurljós með reglubundnar sýningar yfir vetrartímann á kínverskum kvikmyndum í húsnæði Háskólans. Ítalskar, franskar, spænskar og rússneskar myndir eru einnig oft teknar til sýninga.

Í mars var efnt til þýskra kvikmyndadaga í samvinnu RIFF, Goethe Institut, Sjónlínunnar, Köttu Travel, sendiráðs Þýskalands á Íslandi, Þýsk-Íslenska verslunarráðsins, RÚV og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Flestar myndirnar sem voru sýndar fjölluðu á einn eða annan hátt um ungt fólk á krossgötum. Alls voru sýndar tíu nýjar og nýlegar myndir frá þessu forna kvikmyndaveldi, Þýskalandi, sem á undanförunum árum hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Myndirnar voru sýndar með þýsku tali og enskum texta.

## **Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur**

Stofnun Vigdísar hlaut margvíslega styrki á árinu auk þess framlags sem hún fær árlega frá Háskóla Íslands.

Veglegur styrkur kom frá Spron sjóðinum ses, sem í árslok 2011 úthlutaði stofnuninni 60 milljónum króna til fjármögnunar á fyrirlestrasal í framtíðarhúsnæði stofnunarinnar sem bera mun nafn Vigdísar Finnbogadóttur. Þessi styrkur var hluti af lokaúthlutun sjóðsins til mennta-, menningar- og góðgerðarmála sem nam alls 340 milljónum króna.



Lyfjafyrirtækið Actavis ákvað að styrkja Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur um 30 milljónir króna til byggingar húss fyrir starfsemi stofnunarinnar. Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samning um stuðninginn í Háskóla Íslands í janúar.

Creditinfo - Fjölmiðlavaktin ákvað í tilefni af 30 ára starfsafmæli sínu að veita Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur heimild til notkunar á handritasafni sem hefur að geyma þúsundir fjölmiðlatexta frá árinu 1995, með það að markmiði að það nýtist til rannsókna og varðveislu íslenskrar tungu. Við sama tilefni í janúar tilkynnti Creditinfo hvaða frétt- og viðfangsefni hefði staðið upp úr og verið val fyrirtækisins sem „umfjöllun síðustu áratuga“ en það var umfjöllun um frú Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta.



Samfélagssjóður Valitors styrkti Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur með myndarlegum hætti annað árið í röð og var styrkurinn afhentur við hátíðlega athöfn í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar hinn 19. apríl.



Vigdís Finnbogadóttir veitti styrknum viðtöku fyrir hönd stofnunarinnar og flutti við það tækifæri stutt ávarp. Hún þakkaði Samfélagssjóði Valitors rausnarlegt framlag, sem hún sagði að myndi nýtast vel til góðra verka.

Mörg undanfarin ár hefur Prentsmiðjan Oddi og áður Prentsmiðjan Gutenberg verið bakhjarl stofnunarinnar og m.a. styrkt hana með föstu árlegu framlagi. Ýmsir aðrir styrkir sem ákveðnir voru á síðustu árum hafa einnig skilað sér inn á árinu 2011.

### **Bókagjöf frá Mexíkó**

Spænskukennslu við Háskólann er mikill fengur í bókagjöf frá Mexíkó sem frú Martha Bárcena Coqui, sendiherra Mexíkó, með aðsetur í Danmörku, afhenti við athöfn í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni fimmtudaginn 18. ágúst.

Bækurnar eru gjöf til Háskóla Íslands en þær gefa góða mynd af sögu og bókmenntaarfi mexíkósku þjóðarinnar en jafnframt eru í bókagjöfinni fræðileg ritverk. Bækurnar munu koma almenningi og háskólastúdentum að góðum notum en þær eru á sviði hugvísinda, samfélags- og náttúruvísinda. Í ræðu sem Martha Bárcena Coqui hélt við afhendingu bókana sagði hún Mexíkó vera fjölmennasta spænskumælandi land heimsins og bæri því skylda til að stuðla að útbreiðslu og kynningu á menningu og vísindastarfi spænskumælandi þjóða.



Fulltrúar frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur voru viðstaddir móttöku bókana.

# Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

## **Styrkjum úthlutað í fyrsta sinn**

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í fyrsta sinn í lok árs 2010.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2003 af Háskóla Íslands og Kaupþingi banka. Tilgangur sjóðsins er að renna styrkjum stoðum undir starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og stuðla að vexti hennar og viðgangi. Tilgangi sínum nær sjóðurinn með því að veita styrki, fjárframlög og annan stuðning við verkefni á fagsviðum stofnunarinnar og var umsóknarfrestur veittur til 28. janúar 2011.

Styrktarsjóðurinn veitti styrki í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn föstudaginn 15. apríl. Til úthlutunar voru tvær milljónir króna sem skiptust á milli fimm verkefna.

Ársrit SVF fyrir árið 2010, *Milli mála*, hlaut stærsta styrkinn að upphæð 880.000 krónur.

Ársrit SVF fyrir árið 2011, hlaut styrk að upphæð 440.000 krónur.

Júlían Meldon D'Arcy hlaut styrk að upphæð 300.000 krónur til að gefa út tvímála útgáfu af ljóðabók Jónasar Þorbjarnarsonar sem nefnist Hliðargötur. Bókin verður hluti af tvímála ritröð SVF.

Birna Arnbjörnsdóttir hlaut styrk að upphæð 265.000 krónur til að varðveita raunveruleg dæmi um vestur-íslensku en koma þarf hljóddæmum af spólum yfir á rafrænt form og gera um leið fleirum kleift að stunda frekari rannsóknir og nota þessi gögn.

Hólmfríður Garðarsdóttir hlaut 115.000 króna styrk vegna útgáfu tvímála bókar, Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum Jorge Luis Borgesar á Íslandi. Bókin verður hluti af tvímála ritröð SVF.

Það var Vigdís Finnbogadóttir, formaður sjóðsstjórnar, sem afhenti styrkina.

Í stjórn Styrktarsjóðs stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sitja: Vigdís Finnbogadóttir formaður, Ásmundur Stefánsson hagræðingur, Hrönn Greipsdóttir forstöðumaður, Ragnheiður Jóna Jónsdóttir menntunarfræðingur, Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Sigurður Helgason fv. forstjóri Icelandair, Vésteinn Ólason prófessor og Þórður Sverrisson forstjóri Nýherja.



## Starfsfólk

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 38 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd 13 erlend tungumál og stunda fræðimenn stofnunarinnar rannsóknir og kennslu í þessum tungumálum.

Starfsfólk stofnunarinnar eftir stafrófsröð:



**Akemi Tanii** er kennari í japönsku.

Hún lauk MA-gráðu frá J.F. Oberlin háskóla árið 2003 þar sem hún lagði stund á alþjóðafræði og kennslu málvísinda og sérhæfði sig í kennslu í japönsku. Hún er útskrifuð með BA-gráðu árið 1991 frá Meiji háskóla.

Akemi Tanii starfaði áður um þriggja ára skeið við University of Malaya í Malasíu á vegum Japan Foundation.



**Anna Jeeves** er doktorsnemi og aðjunkt í ensku.

Rannsóknarsvið hennar er viðhorf ungra Íslendinga til gildis enskunáms á framhaldsskólastigi á Íslandi. Hún lauk MA-prófi í kennslufræði frá Háskóla Íslands árið 2008, diplómnámi í kennslufræði frá Háskóla Íslands árið 1989 og BA-prófi í frönsku og ensku frá Háskólanum í Dublin, Trinity College, Írlandi, árið 1977.



**Auður Hauksdóttir** er dósent í dönsku máli og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Auður lauk Ph.D.-gráðu í dönsku máli frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand. mag.-gráðu í dönsku frá sama skóla árið 1987 og BA-gráðu í dönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknasvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.

Auður vinnur nú að ritun bókar um rannsókn sína á dönskukunnáttu íslenskra námsmanna í framhaldsnámi í Danmörku. Einnig vinnur hún að samanburðarrannsókn á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku, en afrakstur hennar hefur m.a. nýst til að hanna máltækið [www.frasar.net](http://www.frasar.net), sem er ætlað að auðvelda Íslendingum að tjá sig á dönsku. Verkefnið hefur m.a. verið styrkt af Nordplus Sprog, Nordisk Kulturfond og Augustinusfonden. Þá leiðir Auður, ásamt Guðmundi Jónssyni sagnfræðiprófessor og Erik Skyum-Nielsen við Kaupmannahafnarháskóla, rannsóknina Á mótum danskrar og íslenskrar menningar: Danir á Íslandi 1900–1970. Verkefnið hefur hlotið þriggja ára styrk frá RANNÍS.



**Ásdís R. Magnúsdóttir** er prófessor í frönsku máli og bókmenntum.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble 3) í Grenoble, Frakklandi árið 1997. Hún lauk DEA frá sama skóla árið 1993, maîtrise árið 1992 og Licence-gráðu 1991.

Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franskra bókmennta: miðaldabókmenntir, miðaldaskáldsagan, riddarasögur, þýðingar og smásögur.

Ásdís vinnur nú að þýðingu á Lancelot ou le Chevalier de la charrette (Lancelot eða Kerruriddaranum) eftir Chrétien de Troyes, ritgerðasöfnunum eftir Albert Camus og útgáfu smásagnasafns með verkum eftir franska kvenrithöfunda.

Hún er þátttakandi í verkefninu „Histoires des Bretagnes: La ‘matière de Bretagne’ - racines, sources et représentations“ og vinnur m.a. að rannsóknum á miðaldarþýðingum og útbreiðslu „efniviðarins frá Bretagne“.



**Ásta Ingibjartsdóttir** er aðjunkt í frönskum fræðum.

Ásta lauk meistaraprófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlends máls. Ritgerðin fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar.

Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.



**Birna Arnbjörnsdóttir** er prófessor í annarsmálsfræðum.

Birna lauk Ph.D.-gráðu í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin, Bandaríkjunum, árið 1990, MA-gráðu frá Háskólanum í Reading, Englandi, árið 1977 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri Icelandic Online frá upphafi og stýrt þróun The English Game. Hún stýrir þriggja ára rannsóknarverkefni um stöðu ensku á Íslandi. Verkefnið er þverfaglegt samvinnuverkefni fræðimanna af Hugvísindasviði og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið er styrkt af RANNÍS og Rannsóknasjóði Háskólans. Birna hefur flutt fjölda fyrirlestra um rannsóknir sínar á vísindaráðastefnum, t.d. EUROSLA, EUROCALL, WORLDCALL, AAAL, ELF, NORDAND o.fl. Þá hefur hún gefið út bækur og greinar hér heima og erlendis og stýrt og verið þátttakandi í norrænum og evrópskum rannsóknarnetum.

Birna vinnur núna að rannsókn á notkun ensku í háskólastarfi og áhrifum á tileinkun námsefnis og notkun íslensku. Þá vinnur hún að rannsókn á magni enskuílags í íslensku málumhverfi.



**Erla Erlendsdóttir** er dósent í spænsku.

Doktorspróf í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona, Spáni, árið 2003. MA-gráða frá sama háskóla 1999, Magister Artium frá Georg-August-háskólanum í Göttingen, Þýskalandi, 1988. Nám í portúgölskum og brasilískum fræðum (Lusitanistik) við Ludwig-Maximilians-háskólann í München (Zwischenprüfung 1993), Zwischenprüfung frá Georg-August-háskólanum í Göttingen árið 1986.

Helstu rannsóknasvið eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókafræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, kronikur og skrif um landafundina.

Um þessar mundir vinnur Erla að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Einnig er í bígerð bók sem hefur að geyma smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (Raddir frá Spáni), sem og fræðileg útgáfa á íslenskum þýðingum á spænskum kronikum og þáttum frá 17. , 18. og 19. öld.



**Eyjólfur Már Sigurðsson** er forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.

Eyjólfur lauk MA-prófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III), Frakklandi, árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.



**François Heenen** er aðjunkt í frönsku.

François lauk Ph.D.-gráðu í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín, Austurríki, árið 2002 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989.

Rannsóknasvið hans er samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði.

Um þessar mundir er François að undirbúa nýja rannsókn á tvöföldunarnútiðarmyndun sagnorða í vedísku. Einnig heldur hann áfram rannsókn á þýðingu ýmissa sagnformdeilda úr frönsku yfir á íslensku.



**Gauti Kristmannsson** er prófessor í þýðingafraeði.

Gauti lauk BA-prófi í ensku við Háskóla Íslands 1987 og hlaut löggildingu sem skjalapýðandi og dómtúlkur sama ár. Hann lauk meistaraþrófi (M.Sc. with distinction) í skoskum bókmenntum frá Edinborgarháskóla árið 1991 og doktorsþrófi (dr. phil. summa cum laude) í þýðingafraeði, ensku, þýsku og menningarfélagsfraeði frá Johannes Gutenberg-háskólanum í Mainz/Germersheim árið 2001.

Að undanfögnu hefur Gauti unnið að undirbúningi og uppsetningu þverfaglegar námsleiðar í nytjaþýðingum á meistarastigi þar sem kennsla hófst á haustmíssi 2011, og einnig að undirbúningi nýrrar námsleiðar í ráðstefnutúlkun á meistarastigi.

Rannsóknasvið Gauta eru almenn þýðingafraeði, enskar og þýskar bókmenntir, upplýsingin í Evrópu, þýðingasaga, málstefna á Íslandi og annars staðar og íslenskar samtímabókmenntir. Hann hefur gefið út fjölda greina héraendis og erlendis og ritstýrt tímaritum og bókum



**Geir Sigurðsson** er dósent í kínverskum fraeðum og forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa og ASÍS – Asíuseturs Íslands við Háskóla Íslands.

Geir lauk Ph.D.-gráðu í heimspeki með áherslu á kínverska heimspeki frá Hawaii-háskóla, Bandaríkjunum, árið 2004. Á árunum 2001–2003 stundaði hann nám í kínversku og heimspeki við Renmin-háskóla í Beijing, Kína, og 1998–1999 kínverskunám við Christian-Albrechts-háskólann í Kiel, Þýskalandi. Hann lauk MA-gráðu í heimspeki frá Háskólanum í Cork, Írlandi, árið 1997 og BA-gráðu í heimspeki og félagsfraeði frá Háskóla Íslands árið 1994.

Rannsóknir Geirs snúast öðru fremur um samanburð á kínverskri og vestrænni heimspeki og taka einkum á menntun, siðfraeði, einstaklingsþroska og lífslist. Á seinni árum hefur áhersla hans verið á konfúsíska heimspeki, daóisma, fyrirbærafraeði og þýsku hughyggjuna.

**Gro Tove Sandsmark** er sendikennari í norsku.



Gro Tove lauk Cand. philol prófi í norrænum fraeðum frá Óslóarháskóla árið 1996. Sérsvið hennar er norskar bókmenntir. B. phil. Isl. frá Háskóla Íslands árið 1997. Rannsóknarsvið hennar eru norskar og íslenskar bókmenntir, kynjafraeði og þýðingar.

**Guðrún Björk Guðsteinsdóttir** er prófessor í enskum bókmenntum.



Guðrún lauk Ph.D.-gráðu í enskum bókmenntum frá Háskólanum í Alberta, Kanada, árið 1993 með breskar, bandarískar og kanadískar bókmenntir sem sérsvið. Hún lauk meistaragráðu frá sama skóla með bandarískar og kanadískar bókmenntir sem sérsvið árið 1985, en BA-gráðu lauk hún við Háskóla Íslands með ensku sem aðalgrein og dönsku sem aukagrein árið 1982.

Rannsóknasvið hennar er einkum rithefð Íslendinga og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku, en undanfarn ár hefur hún sérstaklega unnið á sviði kanadískra fraeða, ýmist til að koma á framfæri eigin rannsóknum, á íslensku eða ensku, eða annarra, á ensku, sem aðalritstjóri ritraðar the Nordic Association for Canadian Studies. Sem stendur vinnur hún að bók um upphaf enskra skrifa Íslendinga í Norður-Ameríku.



**Hafdís Ingvarsdóttir** er prófessor í menntunarfræði/kennslufræði með kennslu erlendra tungumála sem sérsvið, við Menntavísindasvið.

Hafdís lauk Ph.D.-gráðu í menntunarfræði með áherslu á enskukennslu frá Readingháskóla í Bretlandi árið 2003 og MA-prófi í Hagnýtum málvísindum frá sama skóla 1993. Stundaði framhaldsnám í dönsku máli og bókmenntum við Kaupmannhafnarháskóla 1969-1971. Lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1968 í dönsku og sögu.

Í rannsóknnum sínum hefur Hafdís einkum beint sjónum að menntun tungumálakennara, tungumálanámi og tungumálakennslu. Hún hefur einnig sérhæft sig í eigindlegri aðferðafræði og starfendarannsóknnum. Hún hefur gefið út bækur og birt greinar og bókarkafli hér heima og erlendis, stýrt og verið þátttakandi í evrópskum rannsóknarnetum. Hafdís vinnur núna að rannsókn á viðhorfum kennara og nemenda við lok grunnskóla til ensku og rannsókn á notkun ensku í háskólastarfi. Hún vinnur einnig að rannsókn á viðhorfum tungumálakennara til breytinga á kennsluháttum.

Hafdís var fyrsti formaður Samtaka tungumálakennara á Íslandi, STÍL.



**Hólmfríður Garðarsdóttir** er prófessor í spænsku.

Hólmfríður lauk Ph.D.-gráðu í bókmenntum og spænsku með áherslu á bókmenntir Rómönsku Ameríku frá Texasháskóla í Austin, Bandaríkjunum árið 2001. MA-gráðu frá sama háskóla árið 1996, B.Ed prófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og BA-gráðu í spænsku frá Háskóla Íslands árið 1988.

Rannsóknasvið hennar er kvikmyndasaga og kvikmyndagerð í Rómönsku Ameríku samtímans, bókmenntir minnihlutahópa í Mið-Ameríku með sérstakri áherslu á bókmenntir frá Karíbahafsstönd landa eins og Kosta Ríka, Panama, Níkaragva og Hondúras og bókmenntir Rómönsku Ameríku með sérstakri áherslu á samtímabókmenntir skrifaðar af konum og þá sérstaklega bókmenntir argentínskra kvenna eftir 1990. Hólmfríður hefur flutt fjölda fyrirlestra um rannsóknir sínar á vísindaráðastefnum víða um heim. Hún vinnur jöfnum höndum á spænsku, íslensku og ensku.

Um þessar mundir vinnur Hólmfríður að nýrri bók um málefni minnihluta hópa við Karíbahafsströnd Mið-Ameríkuríkja. Tvímála útgáfa á ljóðabýðingum argentínska rithöfundarins og ljóðskáldsins Jorge Luis Borges er farin í prentun. Á haustmisseri 2011 var Hólmfríður Fullbright styrkþegi og rannsóknarprófessor við Georgetown háskólann í Washington, D.C.



**Hrefna Ingólfssdóttir** er verkefnastjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Hrefna lauk MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007 og BA-prófi í stjórnmálafræði með fjölmiðlafræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands 1990. Hún hefur yfir 20 ára reynslu af kynningarmálum, almannatengslum, fjárfestatengslum og markaðsmálum.



**Ingibjörg Ágústsdóttir** er lektor í breskum bókmenntum 19. og 20. aldar.

Ingibjörg lauk Ph.D.-gráðu í skoskum bókmenntum við Háskólann í Glasgow, Skotlandi, árið 2001. Doktorsverkefni hennar fjallaði um skoska rithöfundinn Robin Jenkins. Hún lauk MA-gráðu í ensku frá Háskóla Íslands árið 1995 og BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 1993.

Rannsóknasvið hennar eru breskar bókmenntir 19. og 20. aldar, skoskar bókmenntir á 20. öld og meðhöndlun breskra kvenrithöfunda á nokkrum vel þekktum drottningum Tudor-tímabilsins.



Ingibjörg hefur kennt enskt tungumál og bókmenntir á framhalds- og háskólastigi undanfarin 12 ár. Hún sinnti einnig þýðingum og skipulagði ráðstefnur á námsárum sínum í Skotlandi.



**Irma Erlingsdóttir** er lektor í frönskum samtímabókmenntum.

Irma lauk doktorsprófi í frönskum samtímabókmenntum frá Sorbonne háskóla í París, D.E.A. prófi í samtímabókmenntum frá Université Paris VIII Vincennes, meistara- (maîtrise) og licence-gráðu í samtímabókmenntum frá háskólanum Paul Valéry í Montpellier og BA- prófi í frönsku frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið Irmu eru franskar bókmenntir og heimspeki, menningarfræði, kynjafræði og samtímasaga. Hún hefur flutt fjölda fyrirlestra um rannsóknir sínar á ráðstefnum og málþingum hérlendis og erlendis. Irma hefur skrifað greinar, ritstýrt bókum og skipulagt ráðstefur og viðburði. Árið 2000 var hún ráðin forstöðumaður RIKK, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, og gegnir enn þeirri stöðu. Irma er enn fremur framkvæmdastjóri EDDU-öndvegissseturs og Alþjóðlegs jafnréttisskóla (GEST) við Háskóla Íslands, en báðum verkefnum var ýtt úr vör árið 2009.



**Jessica Guse** er sendikennari í þýsku með áherslu á menningarmiðlun.

Jessica nam þýskar bókmenntir, miðaldasögu og listasögu á árunum 2001 - 2009 og lauk magisterprófi frá Technical University of Berlin. Hún hefur skilað inn lokaritgerð í meistaranámi í þýsku sem annað mál - menningarmiðlun við Freie Universität Berlin. Jessica dvaldi við nám og þýskukennslu við Háskólann í Gautaborg veturinn 2010 - 2011.



**Jia Yucheng** er sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós.

Jia kennir kínversku, kínverska texta og kínverska málnotkun. Jia lauk MA-gráðu í þýðingafraeði frá South Central University í Hunan-héraði í Kína.



**Jón Egill Eypórsson** er aðjunkt í kínverskum fræðum.

Jón Egill lauk MA-gráðu í kínverskum fornfræðum (classical chinese philology 古典文獻學) frá Zhejiang-háskóla í Hangzhou, Alþýðulýðveldinu Kína, árið 2006. BA-gráðu lauk hann sömu grein frá Shinshu-háskóla í Japan árið 1996.

Rannsóknasvið hans eru kínverskar fornþýskmenntir, sérstaklega Söngvar Chu (楚辭) og Breytingaritningin (易經), með áherslu á frumstæð kínversk trúarbrögð og heimsmyndafræði.



**Júlían Meldon D'Arcy** er prófessor í enskum bókmenntum.

Júlían lauk Ph.D.-gráðu í skoskum bókmenntum frá Háskólanum í Aberdeen, Skotlandi, árið 1991, MA-gráðu frá Lancasterháskóla árið 1971, B.Ed.-prófi frá St. Martin's College í Lancaster, Englandi, 1972 og BA-gráðu í ensku máli og bókmenntum frá Lancasterháskóla árið 1970.

Rannsóknasvið hans er breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Júlían hefur flutt fjölda fyrirlestra um rannsóknir sínar á vísindaráðstefnum í Bretlandi, á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum.

Um þessar mundir vinnur Júlían að nýrri bók um amerískan fótbolta í bandarískum bókmenntum, auk þess að þýða verk eftir Þórberg Þórðarson.



**Kaoru Umesawa** er lektor í japönsku.

Kaoru lauk Ph.D.-gráðu í hljóðfræði við UCL (University College London) árið 2001, MA-gráðu í hljóðfræði við sama skóla árið 1991, MA-gráðu í menntunarfræði við ICU (International Christian University), Japan, árið 1992 og BA-gráðu í ensku við Kobe Kaisei Joshigakuin-háskóla, Japan, árið 1988.

Aðaláhersla í rannsóknum hennar snýr að sviði hljóðfræðinnar, hljóðfræði erlends tungumáls og kennslu japönsku sem annars máls.

Hún kom til Íslands árið 2003 og tók til við að móta deild japansks máls og menningar við Háskóla Íslands, en japanska varð þar með fyrsta tungumálið utan Evrópumála sem kennt er á æðra skólastigi hér á landi. Síðan þá hefur starf hennar m.a. falið í sér að þróa og byggja upp deildina, og er japanska til BA-prófs nú fastur liður á kennsluskrá Háskóla Íslands.



**Kristín Ísleifsdóttir** er aðjunkt í japönsku.

Kristín undirbýr þriðja árs nema sem halda utan til náms í Japan og sér um samskiptin við þá auk þess sem hún heldur utan um nemendur sem vinna að BA-ritgerð sinni. Auk starfa sinna í þágu japönskukennslunnar er Kristín í hlutastarfi við kennslu á myndlistarnámskeiðum við Menntavísindasvið HÍ.

**Kristín Guðrún Jónsdóttir** er aðjunkt í spænsku.



Kristín lauk Ph.D.-gráðu í rómansk-amerískum fræðum frá ríkisháskólanum í Arizona, Bandaríkjunum, 2004. Titill Ph.D.-ritgerðar hennar var Voces de la subalternidad periférica. Jesús Malverde y otros santos profanos de México. Hún lauk MA-gráðu í spænskum og rómansk-amerískum bókmenntum frá Madridardeild New York-háskólans í Madrid 1986 og BA-gráðu í spænsku frá Universidad del Sagrado Corazón, Puerto Rico, 1983. Nam bókmenntir spænskumælandi landa við Universidad Nacional Autónoma í Mexíkóborg, Mexíkó, 1981–1982 og spænsk fræði við Universidad Complutense í Madrid, Spáni, 1979–1981.

Rannsóknasvið hennar er bókmenntir og alþýðutrú landamæra Mexíkó og Bandaríkjanna, alþýðudýrlingar Rómönsku Ameríku, smásagan og örsagan í Rómönsku Ameríku, bókmenntir spænskumælandi eyja Karíbahafs og þýðingar.

Um þessar mundir vinnur Kristín að bók um alþýðudýrlinga frá Mexíkó sem kemur út hjá háskólaforlaginu við Universidad Autónoma de Ciudad Juárez í Mexíkó á næsta ári. Einnig vinnur hún að úrvalssafni örsagna frá Rómönsku Ameríku og rannsóknaverkefninu „Tengsl Spánar og Íslands í gegnum tíðina“. Hún hefur lokið við þýðingu á bókinni Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur eftir Augusto Monterroso.



**Lars-Göran Johansson** er sendikennari í sænsku.

Lars-Göran lauk Fil.mag.-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Uppsölum árið 1974 ásamt kennslufræði frá Háskólanum í Linköping 1977.

Rannsóknarsvið Lars-Göran er sænskar samtímabókmenntir.



**Magnús Fjalldal** er prófessor í ensku.

Magnús lauk Ph.D.-gráðu í enskum bókmenntum og germönskum miðaldafræðum frá Harvard-háskóla árið 1985. Hann hafði áður lokið cand.mag.-prófi í ensku og BA-prófi í ensku og íslensku frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið hans hefur aðallega verið enskar og íslenskar miðaldabókmenntir.

Um þessar mundir er Magnús að vinna að könnun á útgáfum Finns Jónssonar í norrænum fræðum og rannsaka áhrif Dantes á Kantaraborgarsögur Chaucers.



**Magnús Sigurðsson** er aðjunkt í þýsku.

Magnús lauk MA-gráðu í þýsku sem erlendu máli frá Háskólanum í Heidelberg, Þýskalandi, árið 1983.

Rannsóknáhugi Magnúsar beinist að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orðabókanotkun. Magnús var (ásamt Rebekku Þráinsdóttur) ritstjóri 1. árgangs *Milli mála: Ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur* í erlendum tungumálum, útg. 2009.



**Marlene Ørnstrup Petersen** er aðjunkt í dönsku.

Marlene lauk MA-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum og ensku frá Árósháskóla í Danmörku árið 2007.

Meðal kennslugreina hennar eru dönsk bókmenntasaga og danskar samtíma-bókmenntir.



**Martin Regal** er dósent í ensku.

Martin lauk Ph.D.-gráðu í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníu-háskóla í Davis (UCD) 1991, MA í ensku frá sama háskóla 1983, og BA-gráðu frá Reading-háskóla, 1975.

Rannsóknir hans eru á aðallega á sviði leikbókmennta, en á síðustu árum hefur hann verið að vinna við verkefni um kvikmyndafræði. Hann hefur einnig þýtt fjölmörg forn- og nútímaíslensk bókmenntaverk auk annarra verka. Um þessar mundir er hann að ljúka bók um harmleikinn og undirbúa þýðingar sínar á ljóðum Sigurðar Pálssonar til útgáfu.

Martin kenndi fyrst í Háskóla Íslands árið 1976, en hefur einnig kennt í Bandaríkjunum og nýlega við Stokkhólmsháskóla.



**Michele Broccia** er sendikennari í ítölsku.

Hann hóf störf við Háskóla Íslands haustið 2011. Michele lauk meistaragráðu í enskum nútímabókmenntum frá Telematica Guglielmo Marconi háskólanum í Róm árið 2009 en áður hafði hann lokið meistaragráðu í kennslufræðum frá sama háskóla. Michele er frá Sardiníu og þar lauk hann háskólanámi 1990 með áherslu á erlend tungumál og bókmenntir og fékk kennsluréttindi. Rannsóknir hans snúa að ítalskri tungu og málvísindum, sardinísku og bókmenntum.



**Oddný G. Sverrisdóttir** er prófessor í þýsku.

Oddný lauk doktorsprófi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu árið 1987 frá Westfälische Wilhelms-háskólanum í Münster í Westfalen, Þýskalandi. Áður hafði hún lokið BA-gráðu í þýsku og bókasafnsfræði auk kennsluréttindanáms frá Háskóla Íslands, árið 1980.

Rannsóknasvið hennar er innan samanburðarmálvísinda, einkum á sviði orðtakafræði (fraseólógíu), svo og þýska sem erlent tungumál á Íslandi og miðlun menningar í ferðaþjónustu. Oddný hefur flutt fjölda fyrirlestra um rannsóknir sínar á vísindaráðastefnum víða um heim og tekur þátt í ýmsu alþjóðlegu samstarfi.

Frá árinu 2004 hefur Oddný átt sæti í Institut für Deutsche Sprache í Mannheim, stofnunar sem heyrir undir Alþjóðavísindaráðið (ICSU).

Um þessar mundir vinnur Oddný að rannsókn á notkun orðtaka í þýskum og íslenskum textum og er rannsóknin byggð á rauntextum.

Oddný tekur einnig þátt í samstarfsverkefninu Saga Breiðafjarðar, sem hlotið hefur styrk frá RANNÍS (2010-2012)



**Pétur Knútsson** er dósent í ensku.

Pétur lauk BA-prófi í fornensku frá Cambridge í Englandi 1964, MA-prófi frá sama háskóla 1968, B. Phil. Isl. frá Háskóla Íslands 1968, og doktorsprófi frá enskudeild Kaupmannahafnarháskóla 2004.

Doktorsritgerð hans fjallaði um þýðingu Halldóru B. Björnsson á fornenska kvæðinu Bjólfskviðu, sem kom út í hans ritstjórn 1983. Í ritgerðinni sýndi hann fram á að í þýðingum milli náskildra tungumála verða tengsl milli málforms og merkingar með allt öðrum hætti en gert er ráð fyrir í hefðbundinni þýðingarfræði; ennfremur að þótt þessi þessi tengsl séu greinileg í þýðingum milli náskyldra mála, má gera ráð fyrir þeim ekki síður í hefðbundnum þýðingum.

Í erindum og birtum greinum hefur Pétur síðan þróað þessar hugmyndir til að skapa umræðu um eðli og umfang textans: er hann endanlegur? Er unnt að stíga út úr honum? Pétur hefur einnig ritað um þróun heimsmyndarinnar eins og hún birtist í miðaldarbókmenntum Englendinga og Íslendinga.

Pétur hefur kennt í Háskólanum síðan 1978. Kennsluvið hans hafa verið ensk hljóðfræði, mállýskufræði, félagsmálvísindi, setningaráhersla og hljómfall, bragfræði, málsaga, forn- og miðenska, og munnmenntir.



**Randi Benedikte Brodersen** er lektor í dönsku.

Hún er með cand.mag.-próf í norrænum tungumálum og bókmenntum með hagnýt málvísindi og þýðingafræði sem aukagrein (1988), hefur auk þess lokið rannsóknanámskeiðum á doktorsstigi og námskeiðum í kennslufræði erlendra tungumála og tölfræði.

Rannsóknasvið hennar er nútímadanska, félagsmálvísindi, málleg aðlögun (akkomodation), danskar mállýskur, hreitungustefna, málstefna, aðferðafræði, akademísk ritun og kennsla.

